

Færeyingar í heimsókn



Mynd úr heimsókn á Menntavísindasviði HÍ

Dagana 30. mars – 3. apríl dvelja hér góðir gestir frá Færeyjum til að kynna sér breytingar á íslenska skólakerfinu, nýja löggjöf um skólakerfin, aðalnámskrágerð og breytingar á kennaramenntun. Í hópnum eru fulltrúar frá „[Mentamálaráðnum](#)“ og [Fróðskaparsetrinu](#). Í hópnum eru Martin Næs, deildarstjóri, Mentamálaráðnum, Hildur Patursson, Jørgen Meitelberg og Janus Jensen, fulltrúar á menntadeildinni, einnig Jóanes Hansen rektor, Dagbjartur Debes og Hans Hansen kennarar á Læraraskúlanum.

Margt áhugavert er að gerast í menntakerfi Færeyinga um þessar mundir, heildarendurskoðun stendur yfir á aðalnámskrám og nýlega var menntun leikskólakennara og þroskaþjálfara sameinuð kennaramenntuninni og „Læraraskúlinn“ jafnframt sameinaður Fróðskaparsetrinu. Hópurinn átti fundi með starfsmönnum í ráðuneytinu og á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Einnig hitti hann fulltrúa Kennarasambands Íslands og heimsótti skóla og menntastofnanir á Reykjavíkursvæðinu. Ljóst er að báðar þjóðirnar hafa gagn af slíku samstarfi á sviði menntamála.

Fundur samstarfsnefndar framhaldsskóla

Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, átti fund með skólameisturum alla framhaldsskóla landsins mánudaginn 23. mars síðastliðinn. Þar ræddi ráðherra um helstu áherslur sínar í menntamálu og innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla. Hún ræddi einnig um mikilvægi menntunar á tímum efnahagsþrenginga og hlutverk skólanna við að hlúa að nemendum. Ráðherra tók jafnframt þátt í almennum umræðum og svaraði fyrirspurnum skólameistara. Í framhaldi var fjallað sérstaklega um innleiðingu laga um framhaldsskóla og tilraunverkefni byggð á þeim, fjármál skólanna, rekstrarhorfur og komandi innritun í framhaldsskóla sem hefist 15 maí.

Í lokin var rætt um ýmsar aðgerðir sem miða að því að tryggja aðgengi og velferð nemenda í framhaldsskólum í ljósi þeirra óvissu sem skapast hefur í efnahagsmálum.

Samráðsfundur menntamálaráðherra og stjórnar Bandalags íslenskra listamanna

Árlegur samráðsfundur menntamálaráðherra og stjórnar Bandalags íslenskra listamanna var haldinn 17. mars sl. Á fundinum var að ósk BÍL meðal annars rætt um stöðu listdansa sem atvinnulistgreinar og almennt um listnám; málefni Ríkisútvarpsins; listskreytingar og byggingarlist; höfundarétt og skattþrósetu af hugverkum svo og um mótun menningarstefnu. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra greindi frá því að frumvarp til listamannalauna væri til umfjöllunar í menntamálanefnd Alþingis og vonaðist hún til þess að unnt yrði að ljúka afgreiðslu þess fyrir þinglok.

Ágúst Guðmundsson forseti BÍL lýsti fyrir hönd stjórnar ánægju með hversu vel hafi verið haldið á þessu máli sem hefur verið mikið baráttumál bandalagsins. Atvinnustaða listamanna, sem og margra, landsmanna væri mjög erfið og því skiptu starfslaunin miklu máli. Ráðherra vék að stöðu efnahagsmála og gat þess að næsta ár verður mjög erfið þar sem skera þarf niður í útgjöldum ríkissjóðs. Sá niðurskurður mun óhjákvæmilega koma við öll svið þó að reynt verði eftir fremsta megni að standa vörð um grunnþjónustu. Í lok fundarins var sammælt um að hefja vinnu við gerð menningarstefnu og fól menntamálaráðherra stjórn BÍL að varpa fram fyrstu hugmyndum.

Endurmenntunarsjóður fluttur til Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í lögum nr. [91/2008 um grunnskóla](#), sem tóku gildi 12. júní 2008, er kveðið á um að Endurmenntunarsjóður grunnskóla muni flytjast til [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#). Menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa komist að samkomulagi um yfirfærslu sjóðsins til Sambandsins sem nú hefur auglýst eftir umsóknum í Endurmenntunarsjóð grunnskóla 2009. [Umsóknareyðublað](#) eru aðgengileg á vef Sambandsins.

Reglugerðir og úrskurðir á ný menntastefna.is

Athygli er vakin á því að menntamálaráðuneyti birtir nýjar reglugerðir og úrskurði tengda nýrri menntastefnu á vefnum [www.nymenntastefna.is](#). Þar má á aðgengilegan hátt nálgast nýju skólalögin, reglugerðir tengdar þeim og ýmiss konar fróðleik. Vakinn er sérstök athygli á tveimur nýlega útgefnum reglugerðum, um innritun nemenda í framhaldsskóla og um skólaráð við grunnskóla.

Úrskurðir ráðuneytis birtir á vef

Úrskurðir menntamálaráðuneytis eru nú aðgengilegir á vefnum [www.rettarheimild.is](#).

Formennskuáætlun á vef ráðuneytisins

Formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2009 á sviði vísinda, menningar og mennta er aðgengileg á [vef ráðuneytisins](#). Þar má einnig nálgast upplýsingar um þá viðburði sem framundan eru.

Samræmd könnunarpróf í 10. bekk ekki haldin vorið 2009

Alþingi hefur gert breytingar á lögum nr. [91/2008 um grunnskóla](#). Breytingin felur í sér að ákvæði til bráðabirgða við lögin um samræmd könnunarpróf í 10. bekk vorið 2009 fellur brott og því verða samræmd könnunarpróf í 10. bekk ekki haldin í maí 2009 eins og fyrirhugað var.

